

sem tilgreint er í 2. mgr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:		kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	.....	350
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m.t. bitterar undir 22% styrkleika	.....	540
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	.....	800
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	.....	1 240
B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	.....	1 190 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	.....	720 kr./200 stk.
3. Smávindlar	.....	80 kr./10 stk.
Meðalstærð	.....	340 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	.....	410 kr./25 stk.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu 11. mars 1987.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Sigurgeir Jónsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, og um sölu vítamína og steinefna nr. 579/1980.**

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr töluliður:

„20. Flúorsambönd til staðbundinnar notkunar á tennur í samsetningum, sem innihalda 0,1% eða minna af flúoríðjón“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. lyfjalaga, öðlast gildi 1. apríl 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Páll Sigurðsson.